



22. maí 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 980. mál á 153. löggjafarþingi

Rafrænar skuldaviðurkenningar

Þegar fyrstu drög að ofangreindu frumvarpi voru birt í samráðsgátt stjórnvalda 15. ágúst 2002 vöktu þau nokkra furðu Hagsmunasamtaka heimilanna. Það skýtur skökku við að setja lög um nýtt lánsform án þess að hugað sé að því fyrst að setja sérstök lög um skuldabréf eins og var gert annars staðar á Norðurlöndum á árunum 1938 og 1939, en hér á landi gilda aðeins óskráðar reglur um skuldabréf sem eru tiltölulega flóknar og óaðgengilegar almenningi.¹ Jafnframt vita samtökin ekki betur en að nú þegar sé hægt að undirrita skuldabréf og þinglýsa þeim með rafrænum hætti.

Að þessu sögðu telja samtökin þá útfærslu frumvarpsins sem nú hefur verið lögð fram á Alþingi vera miklu skárri en fyrstu drög í samráðsgátt. Það stuðlar að auknum skýrleika að almennar lagareglur um rafrænar skuldaviðurkenningar verði settar fram í heildstæðum lögum fremur en að sauma þær inn í sérlög á sviði neytendaréttar og þinglýsinga eins og var lagt til í fyrstu drögnum.

Samtökin eru sérstaklega fylgjandi 6. gr. frumvarpsins um óskertan mótbáru rétt lántakanda þrátt fyrir framsal kröfurettinda samkvæmt rafrænni skuldarviðurkenningu. Samtökin taka jafnframt undir þá tillögu sem kom fram í umsögn Neytendastofu um málið í samráðsgátt, að ákvæðið verði ekki aðeins tekið upp vegna rafrænna skuldaviðurkenninga heldur allra fasteignalána til neytenda, óháð formi þeirra. Frumvarp þess efnis hefur einmitt verið lagt fram á yfirstandandi þingi (70. mál) sem er mælst til að verði samþykkt, eða að sambærilegu ákvæði verði bætt við ofangreint frumvarp.

Loks benda samtökin á að 5. töluliður 10 gr. frumvarpsins um heimild til svokallaðrar afbrigðilegrar málsmeðferðar fyrir dómstólum, gengur gegn því að tryggja neytendum óskertan mótbáru rétt. Með frumvarpi sem hefur verið lagt fram á yfirstandandi þingi hafa verið lagðar til úrbætur á þessu hvað varðar neytendur sérstaklega (547. mál). Samtökin mælast eindregið til þess að það frumvarp verði samþykkt og að sambærilegu ákvæði við 1. gr. þess verði bætt við ofangreint frumvarp.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is

¹ Sjá: Páll Hreinsson, 202 ára afmæli tilskipunar Danakonungs, Morgunblaðið 9. febrúar 2000.